



# VOT3B05 – Vinnuaðferðir og tækni

Námsáætlun, Vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

**Sigurjón Geirsson Arnarson**

**Netfang/netföng:**

[sigurjon.arnarson@borgo.is](mailto:sigurjon.arnarson@borgo.is)

## Lýsing:

Nemendur fá þjálfun í meðhöndlun á efnum og verkfærum sem unnið er með við sprautumálun á ökutækjum. Áhersla lögð þær vinnuaðferðir sem henta viðkomandi vinnuáætlun sem nemandi fær í hendur. Áhersla lögð á að fara eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja og noti TDS og SDS.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Þekking

- Öllum vinnuaðferðum og tæknibúnaði sem þarf við undirbúning og málun ökutækja
- Skilning á leiðbeiningum bílaframleiðenda og geta farið eftir þeim fyrirmælum.
- Skilning á TDS, SDS og geta farið eftir þeim.
- Skilning á verklýsingum og vinnuferlum þegar verið er að gera við ökutæki
- Persónuvörnum sem nota skal við viðgerðir á ökutækjum

### Leikni

- Meðhöndla öll þau efni sem þarf til að viðgerð standist kröfur framleiðanda
- Geta beitt öllum þeim aðferðum sem þarf til að viðgerð sé viðunandi
- Velja þau tæki, tæknibúnað og verkfæri sem á við hverju sinni.
- Ganga vel um og hafa snyrtilegt í kring um sig
- Að þrifa verkfæri og tæki, skila þeim betur frá sér en þau fengu.
- Þeim persónuvörnum sem nota skal við viðgerðir á ökutækjum
- Gera greinagóða verklýsingu á unnu verki.

### Hæfni

- Að gera verkáætlanir og magnáætlun um notkun efna í tilteknu verki.
- Vinna eftir verkáætlun til þess að endanlegt útlit og áferð sé í fullu samræmi við verkáætlun
- Vinna sé í fullu samræmi við viðurkenndar aðferðir framleiðenda ökutækja og efnisframleiðenda (OEM, TDS og SDS)
- Velja réttan búnað, tæki og efni til notkunar
- skrifa greinagóða verklýsingu á því verki sem unnið er
- Nota persónuvarnir á réttan hátt svo enginn skaði hljótist af

**Námsmat:**



**Vægi: Verklegt mat: 60%:**

Hér er metið hversu vel nemandi innir öll sín verk af hendi. Nemandinn nefnir, lýsir og greinir frá notkun og beitingu og hirðu tækja og búnaðar á verkstæðum fyrir ökutæki. Hann sýnir að hann hafi vald á undirstöðuverkþáttum.

**Skriflegt mat: 30%:**

Nemandi skilar inn skýrslum, verkefnum ásamt þekkingarmati um almenna og fræðilega þætti áfangans.

**Þátttaka og Virkni 10%:**

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara

**Námsgögn:**

Upplýsingar frá málningarframleiðendum.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.**

**Nemendur verða að fá að lámaki 4,5 í öllum verkefnum til að standast áfangann**

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað ef við á.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.

***Í lok kennlustundar þrifa nemendur vinnusvæði.***